

Jákvæð afkoma og mikil uppbygging

- skuldaviðmið undir 100% í fyrsta sinn í áratugi

Tillaga að fjárhagsáætlun 2022 verður lögð fyrir bærstjórn Hafnarfjarðar í dag miðvikudaginn 10. nóvember. Áætlaður rekstrarafgangur A- og B-hluta sveitarfélagsins nemur 842 milljón króna á árinu 2022. Gert er ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði 2,5% af heildartekjum eða 886 milljónir króna. Áætlun gerir ráð fyrir að rekstur A-hluta verði jákvæður fyrir afskriftir og fjármagnsliði um 1,1 milljarð króna og afkoma A-hluta jákvæð um 106 milljónir króna.

Undanfarin misseri hefur verið lögð áhersla á að lágmarka áhrif Covid-19 faraldursins á íbúa Hafnarfjarðar og hindra að efnahagsáfallið leggi klafa á bæjarfélagið til frambúðar. Samtímis hefur verið unnið að uppbyggingu innviða og nýrra hverfa sem leiða munu til verulegrar fjölgunar íbúa á komandi árum. Hafnarfjarðarbær, eins og önnur sveitarfélög, sér fram á áframhaldandi hækkun kjarasamningsbundinna launa og ört vaxandi útgjöld vegna félagslegrar þjónustu sem vegur æ þyngra í rekstri bæjarins. Stefnt er að því að afborganir eldri lána verði umfram nýjar lántökur í A-hluta og að skuldaviðmið Hafnarfjarðarbæjar verði komið niður í 97% í árslok 2022 og hefur það ekki verið lægra í áratugi.

„Fjárhagsáætlun næsta árs ber með sér að aðhald í rekstri og varnarviðbrögð bæjaryfirvalda við efnahagslegum áhrifum Covid-faraldursins hafa skilað árangri. Áhersla hefur verið lögð á að verja hagsmuni íbúa án þess að skuldsetja bæjarfélagið, en bæjarsjóður Hafnarfjarðar tók engin lán á yfirstandandi fjárhagsári,“ segir Rósa Guðbjartsdóttir, bærstjóri. „Framundan er mikil uppbygging í nýjum hverfum og þéttingarreitum. Reikna má með umtalsverðri íbúafjölgun í Hafnarfirði á næstu árum. Við stefnum að því að fjárfesta fyrir rúmlega 5 milljarða króna á árinu 2022, en eins og hjá öðrum sveitarfélögum hefur aukinn launakostnaður haft mikil áhrif á rekstur bæjarins. Þrátt fyrir það er áætlað að skuldaviðmið Hafnarfjarðarbæjar fari undir 100% fyrir lok ársins 2022 og markar það tímamót í rekstri bæjarins.“

Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2022:

- Rekstrarniðurstaða A- og B-hluta jákvæð um 842 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A-hluta jákvæð um 106 milljónir króna
- Skuldaviðmið áætlað um 97% í árslok 2022
- Áætlað veltufé frá rekstri A- og B-hluta 886 milljónir króna eða 2,5% af heildartekjum.
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,48%
- Fasteignaskattar á íbúðarhúsnæði lækkaðir um tæplega 5% til þess að koma til móts við hækkun fasteignamats
- Umtalsverð lækkun vatns- og fráveitugjalda á atvinnuhúsnæði
- Almennt gert ráð fyrir að gjaldskrá fyrir árið 2022 haldist óbreytt eða hækki um 2,5%, sem er innan væntra verðlagshækkana

- Áætlaðar fjárfestingar nema liðlega 5 milljörðum króna
- Kaup á félagslegum íbúðum áætluð fyrir um 500 milljónir króna
- Útgjöld vegna málefna fatlaðra aukast um 13% og nema liðlega 4 milljörðum króna
- Sérstök innspýting til leikskóla Hafnarfjarðar í formi aukinna hlunninda starfsfólks, hækkunar á fastri yfirvinnu, styrkja og námskeiða nemur um 82 milljónum króna
- Samkvæmt áætlun mun íbúum fjölga að meðaltali um 1.500-2000 manns á ári næstu fjögur árin.

Helstu framkvæmdir árið 2022

Fjárheimild til framkvæmda er um 5 milljarðar króna árið 2022. Í áætlun er lögð áhersla á forgangsroðun í grunnþjónustu, svo sem umhverfismálum, samgöngum, íþróttaaðstöðu, húsnæði og fráveitumálum.

Áfram verður unnið að gatnagerð í íbúðarhverfi í Hamranesi sem nú er að byggjast upp og hafin gatnagerð í nýju íbúðahverfi í Áslandi. Frágangi á nýbyggingarsvæðum víðsvegar um bæinn verður haldið áfram, svo sem lok malbikunar, gerð stétta, stíga, leiksvæða og almennri grænkun svæða. Endurgerð gangstétta og gönguleiða í bænum heldur áfram og sérstöku fjármagni verður varið í að efla hjólreiðaleiðir í sveitarfélaginu.

Þá má nefna að við Hvaleyrarvatn mun hefjast vinna við framkvæmdir í samræmi við deiliskipulag og er sérstaklega horft til þess að bæta aðgengismál, áningarsvæði, stíga og bílastæði. Sérstöku fjármagni er ráðstafað til að fegra Hellisgerði sem verður 100 ára árið 2023.

Endurnýjun gatnalýsingar með LED-væðingu mun ljúka að mestu á næsta ári. Hafinn verður undirbúningur að nýjum leik- og grunnskóla í Hamranesi. Þá verður lokið við endurnýjun grasvalla á félagssvæðum FH og Hauka á næsta ári, auk fjölmargra annarra framkvæmda.

Afborganir umfram lántökur í A-hluta

Áætlun gerir ráð fyrir að tekið verði lán í A-hluta fyrir um 850 milljónir króna en þar sem afborganir eldri lána vega þyngra er gert ráð fyrir að fjármögnun lánastofnana lækki um rúmar 200 milljónir króna á árinu 2022 í heildina. Gert er ráð fyrir að 500 milljón króna lántöku vegna fjárfestinga húsnæðisskrifstofu en leigugreiðslur standa undir afborgunum og vöxtum af þeim lánum. Þannig er gert ráð fyrir að skuldaviðmið verði um 97% í árslok 2022 en til samanburðar var hlutfallið 112% í árslok 2019, áður en Covid-19 faraldurinn skall á.

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er lögð fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar Hafnarfjarðar 10. nóvember 2021. Fjárhagsáætlun nær til næsta árs auk þriggja ára áætlunar fyrir árin 2023-2025. Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn verði miðvikudaginn 8. desember 2021.